



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. maí 2011

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um réttindagæslu fyrir fatlað fólk, 139. löggjafarþing 2010 -2011. Þingskjal nr. 1252 – 728. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands hefur borist til umsagnar ofangreint lagafrumvarp um réttindagæslu fyrir fatlað fólk. Tilgangur frumvarpsins samkvæmt greinargerð er að gera fötluðum einstaklingum auðveldara að gæta réttar síns og leita úrræða sé á þeim brotið.

Mannréttindaskrifstofan fagnar frumvarpinu og telur það nauðsynlegt skref til þess að Ísland geti fullgilt samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og innleitt hann í íslenska löggjöf. Það er sérstaklega jákvætt að í 3. mgr. 1. gr. frumvarpsins segir að við framkvæmd laganna skuli taka mið af samningi SP um réttindi fatlaðs fólks. Telur Mannréttindaskrifstofan það verða til þess að styrkja réttarstöðu fatlaðs fólks fremur en nú er.

Mannréttindaskrifstofan telur, að með því að koma á fót sérstakri réttindavakt innan velferðarráðuneytisins sem sinnir bæði eftirlits og fræðsluhlutverki ásamt því að þær breytingar sem gerðar verða með lögunum á stöðu og hlutverki trúnaðarmanna fatlaðra, verði til þess að efla starf trúnaðarmannanna. Þá mun opinberum þjónustuaðilum, öðrum stjórnvöldum og einkaaðilum veitt öflugara aðhald í þjónustu þeirra og framkomu við fatlað fólk. Það er sérstaklega mikil réttarbót að því að svæðisbundnir trúnaðarmenn verði ráðnir af ráðuneytinu sem geti tekið upp mál að eigin frumkvæði en einnig eftir kvörtun frá hinum fatlaða einstaklingi, persónulegum talsmanni hans eða öðrum sem að telja að brotið sé á rétti fatlaðs fólks.

Mannréttindaskrifstofan telur jafnframt skipun persónulegs talsmanns fyrir fatlað fólk réttarbót fyrir þá einstaklinga sem að vegna fötlunar sinnar eiga erfitt með að gæta hagsmuna sinna. Persónulegir talsmenn munu með þessum lögum hafa lagalega stöðu til að fara með mál fatlaðs fólks og er þannig gert kleift í samráði við hinn fatlaða einstakling að hafa eftirlit með persónulegum hagsmunum hans og aðstoða einstaklinginn í sínum daglegu samskiptum. Aðstoð slíks persónulegs talmanns eykur á skilvirkni og dregur úr líkum á því beita þurfi harkalegri verndarráðstöfunum til að gæta hagsmuna fatlaðs fólks. Telur Mannréttindaskrifstofan að það sé í samræmi við 4. mgr. 12. gr. Samnings SP um



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

réttindi fatlaðra, þar sem segir í lokamálslið, að gæta beri „meðalhófs við gerð verndarráðstafana að því marki sem slíkar ráðstafanir hafa áhrif á réttindi og hagsmuni viðkomandi einstaklings.“ Mikilvægt er að verndarráðstafanir gangi ekki lengra en þörf er á og að þær skerði frelsi einstaklingsins eins lítið og mögulegt er. Ljóst er að skipun slíks persónulegs talsmanns er mun hófstiltari aðgerð en t.d. svipting lögræðis.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri